

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1762  
komudagur 3. 4. 2001



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2001.

**Efni: Frv. til I. um br. á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhiuta í fjármálafyrirtækjum (522. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð telur mikilvægt að fjármagnsmarkaðurinn njóti tiltrúar almennings og getur í því sambandi tekið undir þá skoðun sem kemur fram í frumvarpinu að til þess að svo megi vera þurfi fjármálastofnanir að búa við eignarhald traustra aðila. Verslunarráð er sammála því að opinberir aðilar hafi nokkru eftirlitshlutverki að gegna í þessu sambandi. Verslunarráð telur hins vegar að ofangreint frumvarp bæti litlu við það eftirlit sem núgildandi löggjöf kveður á um. Það eftirlit sem Fjármálaeftirlitið hefur nú með höndum (tilkynningarskylda um virka eignarhiuta) er að mati Verslunarráðs fullnægjandi og til þess fallið að skapa ákveðið jafnvægi milli þess eftirlits sem opinberir aðilar fara með og almenningur allur ætti sífellt að hafa uppi. Hættan við of mikið eftirlit opinberra aðila er sú að almenningur fyllist oftrú á hinum eftirlitsskylda. Á fjármagnsmarkaði er slíkt varasamt.

Verslunarráð telur hins vegar ekki efni til þess að leggjast gegn frumvarpinu í heild sinni en vill þó koma fram eftirfarandi athugasemdum um einstaka liði þess:

#### **1. gr., 4. mgr.**

Hér eru talin upp atriði er umsækjandi þarf að upplýsa um í umsókn sinni til Fjármálaeftirlits. Hafa verður í huga að umsækjandi getur verið einstaklingur jafnt sem lögaðili. Verslunarráð telur að almennt eigi ekki að fara fram á meiri upplýsingar um lögaðila en honum yrði skylt að færa fram við opinbera skráningu í kauphöll. Engin rök standa til þess að til dæmis banki, sem þegar er skráður í kauphöll, þurfi að gefa upp frekari upplýsingar en við þá skráningu. Annað er óþarfa skrifinnaska sem Verslunarráð hvetur til að verði ekki höfð í frammi. Einnig þarf að huga að upplýsingaskyldu umsækjanda við kauphöll, sé umsækjandi lögaðili skráður þar. Hugsanlegt er að með upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlits verði umsækjandi talinn hafa gerst brotlegur við kauphöll ef upplýsingarnar sem hann gefur eru ekki þær sömu og liggja fyrir í kauphöll. Nánar um eftirfarandi töluliði:

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is

1. tl. Verslunarráð telur óheppilegt að krafist sé kennitölu af umsækjanda og bendir á að erlendir aðilar hafi ekki íslenskar kennitölur og því fylgir óþarfa umstang að sækja um slíkt. **Verslunarráð leggur til að „kennitölu“ falli brott.**

4. tl. Verslunarráð telur tilgangslítið að fá fram upplýsingar svo huglægt atriði eins og markmið umsækjanda með eignarhaldi. **Verslunarráð leggur til að töluliðurinn falli brott.**

8. tl. Verslunarráð telur töluliðinn ekki þjóna neinum tilgangi og **leggur til að hann falli brott.**

11. tl. Ákvæðið er í raun merkingarlaust og fer best á því að það **falli brott.**

13. tl. Verslunarráð vill benda á að hér er of víðtæk heimild færð Fjármálaeftirlitinu, án þess þó að það gefi efni til þess að ætla að hafa muni áhrif á endanlegt mat Fjármálaeftirlitsins. **Heppilegra er að þessi liður falli niður.**

#### **1. gr. 5. mgr.**

Verslunarráði þykir ákvæðið of víðtækt og kallar á of mikla skriffinnsku. Verslunarráð leggur til að **punktur verði settur aftan við „...lögaðilann sjálfan“.**

#### **1. gr. 6. mgr.**

Verslunarráð telur nauðsynlegt að upptalning á atriðum sem hafa skal hliðsjón af við mat á hæfi umsækjanda sé tæmandi í lögum. Því er rétt að **út falli „m.a.“.**

2. tl. Eins og kemur fram í athugasemdum við þennan lið er ekki stefnt að því að girða fyrir að aðrir en sérfróðir aðilar eignist virkan eignarhlut í viðskiptabönkum enda væri slíkt ekki æskilegt að mati Verslunarráðs. Verslunarráð telur og að mat á svo huglægum þætti sem þessi liður kveður á um sé óraunhæfur. **Lagt er til að ákvæðið falli brott.**

Að lokum þykir rétt að benda á að 1. gr. er löng úr hófi fram, 12 mgr. og margar nokkuð langar. Efnislega og til hægðarauka væri rétt að skipta greininni upp. Væri það heppilegra jafnvel þó að með því yrðu til í l. nr. 113/1996 greinar sem tilgreindar væru sem 10. gr. a og 10. gr. b. Slíkt er þó ekki jafn hvítleitt og of langar greinar. Verslunarráð leggur til að skipting gæti orðið eftir 6. mgr., á eftir 7. mgr. og á eftir 10. mgr.

Hér hefur aðeins verið fjallað um 1. gr. frumvarpsins sem lýtur að breytingu á lögum nr. 113/1996. Sömu sjónarmið gilda af hálfu Verslunarráðs um II, III og IV kafla frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Sigríður Ásthildur Andersen.